

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

til að starfrækja þorskeldi og eldi á regnbogasilungi
í kvíum í Berufirði

Starfsstöð: Þorskeldi ehf kt. 451103-3420
Hömrum 12, 765 Djúpivogur

Rekstaraðili: Elís Grétarsson
Hömrum 12, 765 Djúpivogur
kt. 210676-5709

Útgáfudagur leyfis: 12. september 2012 Gildir til: 12. september 2024

Um er að ræða leyfi fyrir kvíaeldi á 99 tonnum af þorski, áframeldi,
og 100 tonnum af regnbogasilungi samtals allt að 199 tonnum árlega.

Staðsetning: 64°45' N - 14°23'30"

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br. og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun m.s.br. Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum samkvæmt þeim.

Farið skal eftir starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi í sjó og auglýsingu Umhverfissráðuneytis yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegri starfsleyfisgerðar frá 4. ágúst 2000.

Fyrir liggur skriflegt samþykki Djúpavogshrepps og Granda h,f vegna staðsetningar sjókvía. Fyrirhugaðar breytingar á rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sækir um að leyfið færist yfir á hans nafn. Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Að jafnaði skal endurskoða starfsleyfi á fjögurra ára fresti, sbr. reglug. 785/1999.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt skv. ákvæðum ofangreindra laga, þar til forsvarsmáður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. heilbrigðisnefndar,

Hákon Hansson

Hákon Hansson
heilbrigðisfulltrúi



12. 9. 2012

Elís Grétarsson
Hömrúm 12
765 Djúpivogur

Varðar breytingu á starfsleyfi fyrir Þorskeldi ehf

Með bréfi þessu fylgir starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands sem sótt var um 11.9. sl.

Í samræmi við gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Austurlands nr. 1315/2011 flokkast fyrirtækið sem "land- og kvíaeldi" (ÍSAT nr. 05.02.2.0) og árlegt eftirlitsgjald er skv. því kr. 26.790,-. Innifalið í gjaldinu er eftirlit heilbrigðisfulltrúa annað hvert ár.

Starfsleyfisgjald er skv. sömu gjaldskrá er kr 9.400,- miðað við breytingu á leyfi.

Reikningur í samræmi við það verður sendur.

Ef aths. eða fyrirspurnir vakna vegna starfsleyfis, fylgigagna eða þessa bréfs, sem og ef fyrirtækið hefur ástæðu til að neyta andmælaréttar skv. stjórnsýslulögum 37/1993 skal það gert skriflega innan 10 daga frá dagsetningu þessa bréfs.

Virðingarfyllst,

Hákon Hansson

Hákon Hansson
heilbrigðisfulltrúi